

SAMÞYKKT

um hundahald í lögsagnarumdæmi Kópavogs.

1. gr.

Hundahald er bannað í lögsagnarumdæmi Kópavogs að öðru leyti en hér greinir á eftir.

2. gr.

Ólöglega og eftirlitslausu hunda skal taka hvar sem til þeirra næst og færa í sérstaka hundageymslu á kostnað eigenda undir eftirliti héraðsdýralæknis. Hirði eigendur hunda, sem þannig hafa verið teknir, ekki um þá innan 10 daga eða greiði af þeim áfallinn kostnað er heimilt að aflífa hundana.

Hættulegum hundum er heimilt að lóga þegar í stað.

3. gr.

Bæjarráði Kópavogs er heimilt að veita lögráða einstaklingum sem búa í Kópavogi leyfi til hundahalds í lögsagnarumdæmi Kópavogs með eftirfarandi skilyrðum:

- a) Umsókn um undanþágu til hundahalds skal senda heilbrigðiseftirliti Kópavogs, sem gefur út umbedið leyfi að fengnu samþykki bæjarráðs.

Upplýsingar um hundinn skal færa í þar til gerða bók hjá heilbrigðiseftirlitinu. Þar skal skrá heiti, kyn, aldur, fæðingarstað, tegund, litarhátt og önnur einkenni hundsins. Þar skal einnig skrá nafn, heimilisfang og kennitölu leyfishafa og þar fær leyfishafi afhenta merkta plötu, sem ávallt skal vera á ól um háls hundsins.

- b) Ef sótt er um leyfi til að halda hund í sambýlishúsi, skal skriflegt samþykki sameigenda/stjórnar húsfélags í húsinu fylgja umsókn, sbr. lög nr. 59/1976 um fjölbýlishús og reglugerð nr. 280/1976.
- c) Árlega skal bæjarsjóði greitt leyfisgjald fyrir þá hunda sem undanþága er veitt fyrir. Bæjarráð ákveður árlega upphæð gjaldsins í sérstakri gjaldskrá sem heilbrigðisráðherra staðfestir. Gjaldið skal renna til þess að standa straum af kostnaði við hundahald og eftirlit með því og skal upphæð þess miðuð við að bæjarsjóður beri ekki kostnað af hundahaldi bæjarbúa. Gjaldið skal greitt við skráningu fyrir eitt ár í senn og síðan fyrirfram árlega með gjalddaga 1. mars og hafi gjöldin eigi verið greidd innan 3ja mánaða frá gjalddaga er bæjarráði heimilt að afturkalla leyfið, og innheimta gjöldin samkvæmt lögum.
- d) Hundaeigendum er skylt að láta band- og spóluormahreinsa hunda sína árlega í nóvembermánuði og skila inn til heilbrigðiseftirlitsins vottorði um hreinsunina fyrir 1. desember ár hvert.
- e) Skylt er leyfishafa að hafa hundinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu tryggingarfélagi. Skal tryggingin ná til alls þess tjóns sem dýrið kann að valda á mönnum, dýrum, gróðri og munum. Vottorði um slíka tryggingu skal framvísað um leið og greitt er hið árlega leyfisgjald.
- f) Leyfishafi skal gæta þess vel að hundur hans valdi ekki hættu, óþægindum eða óþrifnaði né raski ró manna. Skylt er leyfishafa að fjarlægja saur eftir hundinn.
- g) Hundar skulu aldrei ganga lausir á almannafæri heldur vera í taumi í fylgd með aðila, sem hefur fullt vald yfir þeim. Eigi er leyfilegt að fara með hunda inn í skóla, samkomuhús, íþróttahús, sundstaði, barnaleikvelli, rakara- og hárgreiðslustofur, matvöruverslanir, almannafarartæki, heilbrigðisstofnanir eða aðra opinbera staði þar sem matvæli eru höfð um hönd. Óheimilt er að fara með hunda í almenninggarða bæjarins.

- h) Hundaeigendum ber að hlíta að öðru leyti lögum og reglum er hundahald varða svo og fyriræmælum er heilbrigðisnefnd Kópavogs setur.
- i) Verði breyting á eignarhaldi hunds fellur leyfi úr gildi. Ber þá að tilkynna heilbrigðiseftirliti Kópavogs um eigendaskiptin og sækja að nýju um leyfi sé hundurinn áfram staðsettur í Kópavogi.
- j) Eigendum hunda, sem eru smitberar eða grunaðir um að vera smitberar er skylt að hlíta því að hundar þeirra séu rannsaakaðir verði þess óskað af lækni, dýralækni eða heilbrigðiseftirliti Kópavogs.
- k) Bæjarráði er heimilt að ákveða lægra gjald vegna hunda á lögbylum, leiðsöguhunda blindra, gæslu-, leitar- og lögregluhunda.

4. gr.

Skráðir eigendur hunda eru ábyrgir fyrir greiðslu leyfisgjalds, hreinsunargjalds, ábyrgðartryggingargjalds, sekta og kostnaðar sem kann að leiða af meðferð eða geymslu hunda þeirra.

5. gr.

Sé skilyrðum fyrir leyfi skv. 3. gr. ekki framfylgt skal viðkomandi hundaeigandi sviptur leyfi til hundahalds. Honum skal þá skylt að losa sig við hundinn eða hlíta því að öðrum kosti að hundurinn verði fjarlægður og aflífaður á hans kostnað.

6. gr.

Kærur vegna brota eiga að berast lögreglu eða heilbrigðisfulltrúa, sem fari með þær sem trúnaðarmál.

7. gr.

Til þess að tryggja sem best framkvæmd þessarar samþykktar skal ráðinn sérstakur starfsmaður eftir þörfum til að annast framkvæmdina og skal þá leita aðstoðar lögregluvalda ef og hvenær sem þörf verður á því.

8. gr.

Bæjarráði er heimilt hvenær sem er að afturkalla leyfi fyrir einstökum hundum eða öll veitt leyfi, telji það þörf á.

9. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum til bæjarsjóðs eða varðhaldi. Með brot út af samþykkt þessari skal farið að hætti laga um meðferð opinberra mála og að öðru leyti í samræmi við ákvæði laga nr. 109/1984, VI. og VII. kafla.

10. gr.

Framangreind samþykkt bæjarstjórnar Kópavogs staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, sbr. 1. gr. laga nr. 7/1953, um hundahald og varnir gegn sullaveiki, til þess að öðlast gildi þegar við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt sama efnis nr. 172/1983.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 13. maí 1988.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.